

Ísótóparannsókn af gallvegum

Ísótóparannsóknin veitir meðal annars upplýsingar um lifur og gallblöðru. Gera þarf ráð fyrir að rannsóknin taki um 2-3 klukkustundir.

Undirbúningur

- Vinsamlega hafðu samband ef þú ert með mjólkuróþol eða þolir ekki mjólkurvörur.
- Kvöldið fyrir rannsókn, á milli klukkan 22:00-24:00 þarftu að borða feitan mat, t.d. rjóma, súkkulaði eða feitan ost og vera fastandi á mat og drykk eftir það.
- Ekki má taka verkjalyf 12 klukkustundum fyrir rannsókn nema í samráði við starfsfólk ísótópastofu, þar sem þau geta haft áhrif á rannsóknina.



Best er að nota inngang Eiríksstötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknardagur

Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni. Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbekk á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.

Rannsóknin:

- Settur er æðaleggur.
- Myndataka og gefinn ísótópur.
- Rannsóknin tekur alls 2-3 klukkustundir.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsókna berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar um það.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is